



Ágæti formaður,

Reykjavík, 28. ágúst 2007.

Efni: Samþykktir frá yngriflokkanevnd

- Breyting á aldursflokkum í blaki taka gildi við upphaf næsta blaktímabils. Á ársþingi BLÍ í vor var því vísað til nefndarinnar að samþykka aldursflokkabreytingu. Breytingin er í meginatriðum sú að eitt ár bætist við yngriflokkana, þannig að eitt ár bætist við 3. flokk og 2. flokk. Þeir sem verða 17 ára á árinu mega því keppa í 3. flokki á vormótinu og þeir sem verða 20 ára á árinu mega keppa með 2. flokki á Íslandsmóti. (sjá skiptinguna neðar)
- Þá er búið að setja inn 7. flokk og 6. flokk og aðeins tvö ár eru í 4. flokki og 5. flokki. Ekki verður keppt í Íslandsmóti í 7. flokki og 6. flokki.
- Keppni í 2. flokki verður sér en reynt að koma því þannig að síðasta umferð verði jafnvel leikin á síðara Íslandsmóti yngriflokka.
- Íslandsmót BLÍ fyrir yngriflokkana verða tvö á tímabilinu. Annarsvegar verður fyrri hlutinn haldinn í Neskaupstað dagana 9.-11. nóvember og hinsvegar verður síðari hlutinn í Mosfellsbæ 18.-20. apríl 2008.
- Hæfileikabúðir BLÍ verða í Snæfellsbæ 22. – 24. febrúar nk. Nánari upplýsingar um það síðar.
- Fastari reglur varðandi uppsetningu móta: 5. flokkur A liða mun spila í 4. stigi á báðum mótunum. 5. flokkur B liða spilar 3. stig á haustmótinu og 4. stig á vormótinu. 5. flokkur C og D liða spilar 3. stig á báðum mótunum. 4. flokkur spilar 4. stigið
- Þjálfararáðstefna: Á næstu mun BLÍ og yngriflokkanevnd halda þjálfararáðstefnu þar sem þjálfara koma saman til að ræða hvað sé að gerast í þjálfuninni, reynt verður að fá góða fyrirlesara sem hafa mikla reynslu af þjálfun. Yngriflokkanevnd verður falið að sjá um þessa ráðstefnu og kemur tilkynning um það von bráðar.

Flokkar aldursskipting

- 7. fl. 6-7 ára (1. og 2.bekkur), blönduð lið leyfð
- 6. fl. 8-9 ára (3. og 4. bekkur), blönduð lið leyfð.
- 5. fl. 10-11 ára (5. og 6. bekkur) blönduð lið leyfð.
- 4. fl. 12-13 ára (7. og 8. bekkur) blönduð lið ekki leyfð. (hægt að sækja um undanþágur til YFN BLÍ)
- 3. fl. 14-16 ára (9.,10. og **fyrsti bekkur í menntaskóla**) blönduð lið ekki leyfð. (hægt að sækja um undanþágur til YFN BLÍ)
- 2.fl. 17-20 ára (2.,3., og **4. ár í menntaskóla**)

Prufuregla tímabilið 2007/2008: Aðeins 3 uppgjafir á mann í 3.flokki karla